



Íþrótaálfurinn sló í gegn á Blómstrandi dögum. Ljósmynd: Hveragerðisbær.

Aldrei fleiri á Blómstrandi dögum

Gleðin skein úr hverju andliti í Hveragerði um liðna Helgi þegar Blómstrandi dagar voru haldnir í 29. sinn. Hátíðin fór einstaklega vel fram og hefur fjöldi fólks aldrei verið meiri í bænum í tengslum við Blómstrandi daga. Það stendur upp úr eftir helgina hvað hátíðin gekk vel og hversu mikil gleði og ánægja var í loftinu. Við getum sannarlega verið glöð og þakklát fyrir að mörg þúsund manns hafi skemmt sér í sátt og samlyndi í þá fjóra daga sem hátíðin varði.

Blómstrandi dagar eru fjölskylduhátíð og því mikið lagt upp úr því að allir aldurshópar finni eitthvað við sitt hæfi.

Fjölmargin listamenn stigu á stökk á Blómstrandi dögum þetta árið og má þar nefna Herra Hnetusmjör, Siggu Beinteins, Teit, KK, VÆB og Gunna Óla en þá er fátt eitt talið.

Blómaballið stóð fyrir sínu eins og venjulega en þar sýndu Blaz Roca, Gunni Óla, Hreimur og Unnur Birna sínar bestu hliðar ásamt hljómsveit. Það var enginn svikinn af fjörinu þar.

Ekki má svo gleyma hinum árlega Ísdegi Kjörís sem fór fram við Kjörís á laugardaginn en þangað lagði fjöldi fólks leið sína til að njóta skemmtiatriða og íss með alls kyns bragðtegundum.

Við viljum gjarnan nýta þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við að gera hátíðina og dagskrána svona glæsilega. Einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök í bænum hafa lagt sitt af mörkum með hinum ýmsu viðburðum, veitingum og uppákomum, að ógleymdum öllum skreytingunum sem settu svo mikinn svip á hverfi bæjarins. Blómstrandi dagar eru hátíð allra Hvergerðinga og það gerir hana svo einstaka.

Við erum strax farin að hlakka til að fagna 30 ára afmæli Blómstrandi daga árið 2025.



Ljósmynd: Dagskráin/HGL.

Spennt að byrja hjá Dagskránni

Elin Hrönn Jónsdóttir hefur verið ráðin sem nýr blaðamaður hjá Dagskránni og hefur hún nú þegar hafid störf. Hrönn, eins og hún er yfirleitt kölluð, býr í Hveragerði þar sem hún er uppalin. Hún er með BA-próf í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri.

„Ég er mjög spennt að byrja hjá Dagskránni. Það er mikið líf á Suðurlandi og heiður að fá að taka þátt í því að miðla því sem þar fer fram til almennings,“ segir Hrönn.

Ritstjóri Dagskrárinnar, Helga Guðrún Lárusdóttir, lætur af störfum hjá fjölmiðlunum í lok ágúst og þökkum

við henni kærlega fyrir hennar störf og gott samstarf.

„Þessi tími hjá Dagskránni hefur verið mér lærdómsríkur og skemmtilegur. Ég vil þakka lesendum og öllum þeim fjölda fólks sem ég hef átt í samskiptum við fyrir frábært samstarf og held nú spennt af stað í ný verkefni,“ segir Helga Guðrún.

Björgvin Rúnar Valentínsson, útibússtjóri Prentmets Odda á Selfossi, rekstraraðila Dagskrárinnar, kemur til með að hugsa tímabundið um ritstjórn Dagskrárinnar og DFS.is.



Auðnast opnar á Selfossi

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X

100% RAFMAGNSBÍLL

 Toyota Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Káragerði - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 2,8 ha lóð úr landi Káragerðis. Heimilt verður að byggja íbúðarhús ásamt þremur aukahúsum, gestahús, gróðurhús og hesthús eða skemmu. Heildarbyggingarmagn verður allt að 800 m², hámarkshæð mænis frá plötu eru 8 m og þakhalli 0-60 gráður.

Ofangreinda tillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 18. ágúst 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna og er athugasemdarfrestur veittur til og með 25. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt aðalskipulagslýsing á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Brekur - breyting á aðalskipulagi, nýtt ferli

Verið er að breyta taka 7 ha svæði úr landi Brekna úr landbúnaðarnotkun í verslunar- og þjónustusvæði.

Hægt er að nálgast skipulagslýsinguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa. Einnig verður skipulagslýsing kynnt með opnu húsi, á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa þann 27. ágúst n.k. frá kl 8:30 til 10:00. Ofangreint skipulagsmál er í kynningu frá 18. ágúst 2024 með athugasemdarfrest til og með 10. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Póra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs
Rangárþings eystra

Umhverfisviðurkenningar Sveitarfélagsins Árborgar afhentar

Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Árborgar afhenti um helgina 10.-11. ágúst umhverfisviðurkenningar ársins 2024.

Umhverfisnefndin kallaði eftir tillögum frá íbúum í

eftirfarandi flokkum: Fallegasti garðurinn, snyrtilegasta fyrirtækið eða stofnun, fallegasta gatan og framlag til umhverfismála.

Fjöldi tilnefninga kom inn frá íbúum Árborgar. Nefndarmenn

fóru yfir tilnefningarnar og kusu á endanum milli þeirra sem komu helst til greina í hverjum flokki.

Viðurkenningarnar skiptast eftirfarandi árið 2024



Fallegasta gatan er Grundartjörn

Elsti íbúinn, Kristín B. Hálfánardóttir, 83 ára í Grundartjörn 7, og yngsti íbúinn, Ísold Esther Sindradóttir, 14 mánaða í Grundartjörn 12, afhjúpuðu skiltið við enda götunnar ásamt Daníel Leó Ólasyni, formanni umhverfisnefndar.

Grundartjörn var valin þar sem götumenndin er gróin og vel hirt. Við götuna eru fallegir og snyrtilegir garðar sem saman mynda fallega heild.



Fallegasta stofnunin er hjúkrunarheimilið Móberg sem er staðsett við Árvæg á Selfossi

Hjúkrunarheimilið Móberg var tekið í notkun árið 2022 og er tveggja hæða hringlaga bygging með inngarði í miðju hringins. Heimilið er rekið af Heilbrigðisstofnun Suðurlands og eru hjúkrunarýmín 60 talsins og skiptast í fimm heimiliseiningar.

Hugmyndin byggir á hringlaga formi sem umvefur heimilið og ramar inn starfseminu. Unnið er út frá þeim kostum sem þetta byggingarform gefur hvað varðar sjónræna tengingu inn á sameiginleg svæði, fjallahringinn og næsta umhverfi.

Verður viðurkenningin til Móbergs afhent formlega síðar í ágúst.



Fallegasti garðurinn er að Laxalæk 36 á Selfossi

Við Laxalæk búa Heiðar Helguson og Margrét Ósk Brynjólfssdóttir.

Garðurinn var tilnefndur og kom m.a. fram að garðurinn væri vel hannaður og gróinn í líflegum og skemmtilegum sælureit.



Framlag til umhverfismála er veitt Elínu Birnu Bjarnfinnsdóttur á Eyrarbakka

Elín Birna tók upp á því að hreinsa rusl í umhverfinu allt í kringum Eyrarbakka og að byggðinni við Selfoss. Auk þess hefur hún snyrt beð, klippt gróður, slegið gras og lagað til í umhverfinu víða á Eyrarbakka.

Þetta hefur hún gert upp á sitt eindæmi og að eigin frumkvæði sem er eftirtektarvert. Óhætt er að segja að þetta framtak hafi vakið mikla athygli og sýni ríka ást hennar til samfélagsins sem hún býr í.

Rangárþing ytra endurnýjar samninga við hestamannafélagið Geysi

Þjónustusamningunum er gert að efla samstarf milli Rangárþings ytra og félaga í sveitarfélaginu og tryggja öflugt íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglinga.

Samningnum er ætlað að tryggja og styrkja enn frekar starfsemi félagsins, enda er sveitarfélagið þeirrar skoðunar að það sinni öflugum og viðurkenndu íþrótt- og forvarnarstarfi.

Fyrir utan árlega greiðslu fær félagið greitt fyrir Íslandsmeistara- og alþjóðlega titla eins og Norðurlanda-, Evrópumeistara- og heimsmeistararitla í íþróttgrein sem viðurkennd er af ÍSÍ.

Samningurinn gildir út árið 2027.



Jón Valgeirsson, sveitarstjóri RY, og Eiríkur Vilhelm Sigurðsson, formaður Geysis, handsala samninginn.

Skjótum rótum



og vöxum saman

Upplifðu rólegra og áhyggjuminna líf í samheldnu, kraftmiklu og drífandi samfélagi á Suðurlandi þar sem öll þjónusta er annað hvort á staðnum eða í næsta nágrenni og úlfatíminn er ekki til. Í sveitasælunni verða dagarnir stuttir, en lífið langt og meiri tími gefst til að njóta fallegrar náttúru, útivistar og samverustunda með þínum nánustu.

Kynntu þér lausar íbúðarhúsalóðir og búðu þér heimili á besta stað á Suðurlandi.



20 mín.
á Selfoss



Leik- og
grunnskóli



Einstakar
náttúruperlur



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Kynntu þér framtíðarbyggð á borgisveit.is

Matarkarfan lækkar hressilega í Kjörbúðinni

Í síðustu viku lækkaði verð á 1640 vörum í verslunum Kjörbúðanna og nemur lækkingin í mörgum tilfellum tugum prósentu frá fyrra verði. Ákveðið var að fjölga þeim vörum sem merktar eru sérstaklega með grænum punkti, en það eru vörur sem seldar eru á verði sambærilegu við það sem býðst í lágvöruverðsverslunum.

„Markmiðið með rekstri Kjörbúðarinnar er alltaf að bjóða viðskiptavinum okkar upp á vöruúrval, þjónustu og verð sem mætir þeirra þörfum og kröfum. Við reynum því eftir fremsta megni að bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval á breiðu verðbili og vera með samkeppnishæf verð,“ segir Kristín Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Krambúða og Kjörbúða hjá Samkaupum.

„Kjörbúðir eru staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins og flestar eru í byggðarlögum þar sem fáar aðrar verslanir starfa. Við viljum gera það sem þarf til að halda Kjörbúðunum í þessum byggðarlögum gangandi. Verslun er mikilvægur innviður í hvaða byggðarlagi sem er. Þær skapa atvinnu, en það er líka mikilvægt fyrir lífvænleika samfélaga að þar sé hægt að kaupa nauðsynjavörur án þess að keyra til þess lengri leið í aðra bæi. Þetta þekkir best það fólk sem býr á stöðum þar sem verslun hefur lagst af.“

Kristín bendir á að frá áramótum hafi verið unnið að því að færa verð margra nauðsynjavara í Kjörbúðinni að því verði sem býðst í lágvöruverðsverslunum eins og Nettó. „Þessar vörur eru sérmerktar með grænum punkti í verslunum Kjörbúðarinnar og viðbrögðin hafa verið mjög góð. Að fjölga vörutegundunum í þessum flokki er vissulega kostnaðarsamt fyrir okkur en er rökrétt næsta skref í þessari vegferð sem við höfum verið á síðustu misseri.“



Kristín Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Krambúða og Kjörbúða hjá Samkaupum.

Kristín segir að Samkaup hafi trú á því að sú ákvörðun að lækka verðið á vörukörfu viðskiptavina muni skila sér í aukinni veltu og meiri sölu. „Þá bindum við sannarlega vonir við

að þetta verði birgjunum hvatning til að taka þátt í vegferðinni með okkur og að þannig getum við boðið jafnvel enn betri verð fyrir viðskiptavini.“

Kristín segir starfsfólk Kjörbúðanna spennit fyrir þessum breytingum og hlakki til að sjá viðbrögð viðskiptavina. „Það er alltaf eitthvað að gerast hjá okkur. Næst á dagskránni eru vítamíndagarnir og svo heilsudagar í september og þar eru alltaf góð tilboð til viðbótar við þessar lækkanir sem við kynnum núna.“

Engin núll á sögufrægu tombólunni í Grímsnesi

Fjölskyldu- og sveitahátíðin Grímsævintýri verður haldin laugardaginn 24. ágúst að Borg í Grímsnesi og hefst kl. 13. Að vanda ættu öll að finna sér eitthvað við hæfi þar sem dagskráin er fjölbreytt.

Tombólan sögufræga verður á sínum stað, markaður í íþróttamiðstöðinni og í Blúndukaffinu verður hægt að næla sér í eitthvað gott. Boðið verður upp á andlitsmálun fyrir börn, Leikfélagið Borg fer á kreik, klifurturn skátanna verður á svæðinu, Hjálparsvéitin Tintron sýnir búnað og tæki, Sirkus Ananas bregður á leik og frítt er í sundlauginu á meðan á hátíð stendur.

Grímsævintýri hafa verið haldin frá árinu 2010 en hátíðin varð til í kringum árlega tombólu Kvenfélags Grímsnes-hrepps sem hefur verið haldin síðan 1926. Allur ágóði tombólunnar rennur til góðra málefna og rétt er að það komi fram að á þessari tombólu eru engin núll.



Á þessari tombólu eru engin núll.

Á þessari tombólu eru engin núll.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Búin til úr hári hún, hreiðrar sig í æðardún, ein er þyrstum ekki nóg, einn í plús um ref í skóg.

Svar við gátu í blaði 2765: BER



Sunnlenski matgæðingurinn



Jenný Jóhannesdóttir er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég læt ekki segja mér það tvisvar þegar kemur að áskorunum. Það var hún Dagný Lóa sem skoraði á mig og að sjálf-sögðu tek ég þeirri áskorun! Það er kominn mánuður síðan við fjölskyldan fluttum hingað á Selfoss. Við fundum strax hvað við værum velkomin. Við sjáum svo sannarlega ekki eftir þessari ákvörðun. Mér finnst mjög gaman í eldhúsinu þegar ég gef mér tíma og þá oftast en ekki finnst mér gaman að henda í dýrindis pastarétt fyrir fjölskylduna.

Uppskriftin sem ég valdi er ein af mínum uppáhalds, fengin að láni frá bestu vinkonu minni. Hún er mjög auðveld og þú sérð ekki eftir því að prófa hana, því lofa ég. Það er svo alveg til að toppa allt að hafa burrata-ost og hvítlauksbrauð með þessu.

Trufflupasta

Pasta
Sveppir
Laukur
Villisveppaostur
Rjómi
Truffluolía
Basilíka
Parmesan
Salt

Sjóðið pasta upp úr vel söltu vatni, smjörsteikið sveppi og lauk, bræðið villisveppaost

Að lokum langar mig að skora á manninn minn, Valgeir Emil Sigurgeirsson, sem er algjör eðlakkur og á eflaust eftir að bjóða lesendum upp á einhverja snilldina úr sínum bókum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Jenný Jóhannesdóttir.

upp úr rjóma og truffluolía eftir smekk (ég vil persónulega hafa nóg af henni!) Saltið sósuna og blandið öllu saman áður en smátt skorinni basilíku og parmesan er dreift yfir herlegheitin.

Meðlæti

Burrata-ostur
Pestóið frá Önnu Margréti (fæst í Krónunni)
Tómatar, smátt skornir
Basilíka
Salt

Hellið pestóinu, tómötunum, basilíku og smá salti yfir burrata-ostinn og njótið með Finn Crisp með hvítlauk eða hvítlauksbrauði og dásamlega trufflupastanu.

Auðvelt og ljúffengt, verði þér að góðu!

Uppbyggingarsjóður Suðurlands opnar fyrir haustumsóknir

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í haustúthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands 2024. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar á Suðurlandi. Í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar eru það atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni sem eiga kost á stuðningi ásamt nýsköpunarverkefnum sem efla fjölbreytileika atvinnulífs. Í flokki menningar er markmið að verkefni efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi. Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum umsóknarvef sjóðsins.

Við bendum á ráðgjafasíðu SASS, þar sem er að finna upp-



lýsingar og leiðbeiningar um umsóknarskrif.

Hægt er að kynna sér sjóðinn og úthlutunarreglur nánar á heimasíðunni www.sass.is/uppbyggingarsjodur.

Umsóknir skulu berast fyrir kl. 16.00 þann 1. október 2024.

130 keppendur frá HSK á Unglingalandsmóti

130 keppendur af sambands- svæði HSK tóku þátt í keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Keppendur HSK tóku þátt í öllum 18 keppnisgreinum mótsins og unnu til verðlauna í þeim öllum sem er frábær árangur.

Það var glæsilegur HSK hópurinn sem gekk inn á völinn á setningarhátíð mótsins, en allir keppendur sambandsins fengu að gjöf bláa HSK treyju merкта HSK og Arionbanka. Bankinn er aðalstyrktaraðili HSK og samstarfið ein aðalforsenda þess að hægt sé að afhenda treyjuna endurgjaldslaust.

Hér að neðan er getið um ungingalandsmótsmeistara af sambandssvæðinu.

Bogfimi

Þórir Haukur Einarsson sigraði í bogfimi í flokki 11-14 ára.

Borðtennis

Bergþóra Hauksdóttir vann gullið í flokki 11-14 ára flokki stúlkna og Jón Arnar Ólafsson vann gullið í sama aldursflokki hjá strákonum.

Frjálsar íþróttir

Andri Már Óskarsson varð ungingalandsmótsmeistari í langstökki í flokki 11 ára stráka og Hilmir Dreki Guðmundsson vann kúluvarp í sama aldursflokki. Andri og Hilmar voru svo í sigursveitinni í 4x100 metra boðhlaupi pílta.

Magnús Tryggvi Birkiðsson varð meistari í kringlukasti í flokki 13 ára pílta á nýju mótsmeti, kastaði 36,43 metra. Ásta Kristín Ólafsdóttir kastaði spjótinu lengst allra í flokki 13 ára stúlkna.

Anna Metta Óskarsdóttir var sigursæl í 14 ára flokki stúlkna, en hún vann sex greinar, eða 100 metra hlaup, 800 metra hlaup, hástökk, langstökk, kringlukast og hún var í sigursveitinni í 4x100 metra boðhlaupi ásamt Öddu Sóley Sæland og tveimur öðrum stelpum utan héraðs. Adda Sóley vann spjót-kastið í þessum sama flokki.

Helga Fjöla Erlendsdóttir vann 100 metra hlaup og langstökk í flokki 15 ára. Arndís Eva Vigfúsdóttir vann kúluvarpið og Bryndís Embla Einarisdóttir kastaði spjótinu lengst í sama aldursflokki.

Helga Fjöla og Arndís Eva unnu auk þess 4x100 boðhlaup í 16-17 ára flokki ásamt Hugrúnu Birnu Hjaltadóttur og einum keppanda utan héraðs. Arna Hrönn Grétarsdóttir vann hástökkið í þessum flokki.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð fjórfaldur meistari í flokki 16-17 ára pílta, en hann vann kúluvarp, kringlukast og spjót-kast og var í sigursveitinni í 4x100 metra boðhlaupi. Helgi Reynisson, Ívar Ylur Birkiðsson og Vésteinn Loftsson voru líka í sigursveitinni.

Daníel Breki Elvarsson var meistari í spjót-kasti í flokki 18 ára pílta.

Golf

Freyja Ósk Ásgeirsdóttir vann titil í flokki 14-15 ára í golfi.

Grashandbolti

Í flokki 13 – 14 ára stúlkna var það liðið Argentína sem sigraði og þær komu frá HSK og heita Andrea Líf Gylfadóttir, Bára Ingibjörg Leifsdóttir, Sara Rún Auðunsdóttir og Þórey Mjöll Guðmundsdóttir.

Hjólreiðar

Ronja Sif Magnúsdóttir vann hjólreiðakeppni stúlkna í flokki 11-14 ára.

Knattspyrna

Í fótboltanum mættu félagar af sambandssvæðinu með lið sem þeir kölluðu Diddarnir, en þeir hafa keppt saman á Unglingalandsmóti mörg undanfarin ár. Þeir félagar urðu landsmótsmeistarar í flokki 15-16 ára. Liðið skipuðu þeir Björgvin Hermannsson, Gestur Helgi Snorrason, Gunnar Hrafn Birgisson, Jón Tryggvi Sverrisson, Kristján Breki Jóhannsson, Marteinn Maríus Marinósson, Sigmar Símonarson og Vésteinn Loftsson.

Í flokki 13-14 ára stúlkna mætti lið sem kallaði sig Hvolpasveitin, en liðið var skipað fótboltastelpum af sambandssvæðinu og þær urðu landsmótsmeistarar. Í liðinu voru Anika Líf Sævarsdóttir, Ásdís Erla Helgadóttir, Ásdís Inga Theodórsdóttir, Brynja Sigurþórsdóttir, Diljá Dögg Smáradóttir, Elma Sóley Einarisdóttir, Emilía Rún Óskarsdóttir, Guðmunda Ástmundsdóttir, Rákel Lind Árnadóttir, Rannveig Helga Kjartansdóttir og Rán Ægisdóttir.

Kökuskreytingar

Í liðakeppni í kökuskreytingum í flokki 13-14 ára urðu þær Rán Ægisdóttir og Rákel Lind Árnadóttir ungingalandsmótsmeistarar. Ásdís Eva Magnúsdóttir náði bestum árangri í kökuskreytingum 15-18 ára.

Skák

Sigurður Emil Pálsson sigraði í opnum flokki 11-18 ára í skák.

Sund

Arnór Karlsson vann 50 metra baksund, 50 metra flugsund og 100 metra skriðsund í flokki 15-16 ára pílta.

Upplestur

Halldór Steinar Benjamínsson vann upplesturinn í flokki 13-14 ára.

Hér er ekki getið um þá fjölmörgu sem unnu silfur og brons í ofantöldum greinum. Keppendur frá HSK unnu að auki til

verðlauna öllum öðrum greinum mótsins sem voru badminton, glíma, grasblak, hestaþróttir, körfuknattleikur, pílukast og stafsetning.

Ef lesendur vita um fleiri Unglingalandsmótsmeistara

af sambandssvæðinu eru þeir beðnir um að senda upplýsingar á hsk@hsk.is.

Næsta Unglingalandsmóti UMFÍ verður haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2025.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Gasalega gaman!

Vantar þig hlífðargas fyrir suðu?

Eigum til 20 og 50 lítra hylki.

Bæði hreint Argon og blandgas.

Þjóðum upp á eignarhylki og leiguhylki.

ARGX

Argon

ARGX18

Argon + 18% CO₂

Sendum hvert sem er á landinu!



VELDIX

www.veldix.is - veldix@veldix.is - 547 5577

Suðurhraun 10, 210 Garðabæ
Vöruafgreiðsla: Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ



Þessir kappar af sambandssvæðinu mynduðu lið í 11-12 ára flokki sem þeir nefndu Barbie og tóku þátt í fjölmörgum greinum, m.a. grashandbolta.



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



KIRKJA

Strandarkirkja í Selvogi

Uppskeruguðþjónusta sunn-
daginn kl. 11:00. Félagar úr Kór
Þorlaks- og Hjallasóknar leiða
almennan safnaðarsöng við
undirleik Esterar Ólafsdóttur,
organista. Sr. Sigríður Munda
Jónsdóttir þjónar fyrir altari og
preðikar. Verum öll velkomin til
kirkju.

Selfosskirkja

Messa í miðbænum á Selfossi,
Brúartorgi, sunnudaginn 25.
ágúst kl. 14:00. Kirkjukór
Selfosskirkju syngur undir stjórn
Edit A. Molnár, fram koma einnig
Daniel Karl Cassidy og Hugufrún
Birna Hjaltadóttir. Prestur
Guðbjörg Arnardóttir.

Eyrarbakakirkja

Maríumessa sunnudaginn 25.
ágúst kl. 18:00, sungnir verða
ýmsir Maríusálmur. Kammerkór
Eyrarbakakirkju syngur, organ-
isti Pétur Núi Stefánsson, prest-
ur Guðbjörg Arnardóttir.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Sr. Axel Á Njarðvík
þjónar fyrir altari. Jón Bjarnson
organisti. Verið velkomin.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrúsholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrúsholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrúsholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrúsholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrúsholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrúsholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ólfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Katrín Prastardóttir og Gunnar Þór Gunnarsson munu leiða Starfsemi Auðnast á Selfossi. Mynd: Dagskráin/HGL

Hvetja fólk til að verða sérfræðingar
í eigin heilsu og hamingju

Ísumar opnaði fyrirtækið Auðnast ehf. útibú á Selfossi. Blandaður settist niður með fjölskyldufræðingunum Katrínu Prastardóttur og Gunnari Þór Gunnarssyni til að fræðast meira um starfsemi Auðnast en þau munu leiða starfseminna í Fjölskylduheiminum á Selfossi.

„Auðnast er leiðandi bæði í vinnuvernd sem og á sviði samtalsmeðferðar sem okkur þótti báðum mjög spennandi. Við höfum líka bæði verið miklir talsmenn þess að gott aðgengi sé að þjónustu í heimabyggð. Þar sem stjórnendur Auðnast höfðu áhuga á að bjóða upp á þjónustu á Suðurlandi fannst okkur tilvalið að stökkva á vagninn með þeim og vera hluti af teyminu og leggja þar með okkar að mörkum í að þjónusta Sunnlendinga,“ segja þau varðandi hvað hafi heillað þau við að ganga til liðs við Auðnast og taka þátt í opnun útibús á Selfossi.

Fræðsla, heilsuefning og forvarnir

Þá segir Katrín að hjá Auðnast sé þeirra helsta markmið að hvetja fólk og styðja það við að verða sérfræðingar í eigin heilsu og hamingju. „Við bjóðum upp á fræðslu, heilsuefningu og forvarnir til þess að stuðla að góð-



um og farsælum samskiptum bæði í leik og starfi. Auðnast býður upp á fjölbreytta þjónustu á sviði vinnuverndar, ráðgjafar, fræðslu og meðferðar og munum við bjóða upp á alla þá þjónustu fyrir Sunnlendinga í bæki-
stöðum Auðnast á Selfossi.“

Hjá Auðnast er margþætt þjónusta í boði, Auðnast vinnuvernd annarsvegar og Auðnast klíník hins vegar. „Á klíníkinni bjóðum við upp á sálfræði-þjónustu, fjölskyldumeðferð og heilsufarsviðtöl. Í Auðnast vinnuvernd má til dæmis nefna þjónustusamninginn Heil heilsu en Auðnast hefur þróað öruggislausnir sem sniðnar eru að þörfum vinnustaðarinnar. Þá hafa stjórnendur greiðan aðgang að sérfræðingum og forgang að fagaðilum hjá Auðnast klíník. Hjá Auðnast vinnuvernd er hægt að fá áhættumat starfa, heilsufarsviðtöl og ráðgjöf, trúnaðarlæknaþjónustu, úttekt á vinnustöðum og bólusetningar,“ bætir Gunnar við.

Starfsfólkið í fyrsta sæti

„Vinnustaðir sem eru í þjónustusamningnum Heil heilsu hafa sett líðan starfsfólks síns í fyrsta sæti, en starfsfólki þeirra vinnustaða býðst að nýta mannaud Auðnast til að leita sér hjálpar með allt er varðar heilsu þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra, allt frá læknisheimsóknum yfir í hjónabands- og fjölskylduráðgjöf sem skilar sér í bættri líðan og andlegri, sem og líkamlegri heilsu þeirra sem starfa á viðkomandi vinnustöðum og nýta sér þessa þjónustu,“ segir Katrín.

Að lokum vilja þau Gunnar og Katrín hvetja öll áhugasöm til að kynna sér þjónustu Auðnast nánar með því að skoða heimasíðuna www.audnast.is eða kíkja á góðu ráðin sem þau eru dugleg að deila á reikningi Auðnast á Instagram. HGL



Instagram-síða Auðnast.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

70 keppendur á héraðsmótum í frjálsum

70 keppendur tóku þátt í héraðsmóti HSK og héraðsmóti fatlaðra sem haldin voru á Selfossi á tveimur kvöldum fyrr í þessari viku. Keppendur komu frá sex aðildarfélögum sambandsins. Gestapátttaka var heimil og tóku nokkrir þátttakendur frá fimm félögum utan héraðs þátt í mótunum.

Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá Sigurjón Ægi Ólafsson úr Suðra meðal þátttakenda. Sigurjón er þekktari sem kraftlyftingamaður og var í fyrra valinn íþróttamaður HSK vegna árangurs í þeirri grein. Hann mætti nú á sitt fyrsta héraðsmót í frjálsum og kastaði þar kúlu og kringlu og stóð sig vel.

Á héraðsmótinu voru veitt verðlaun fyrir stigahæsta karl og konu á mótinu. Anna Metta Oskardóttir frá Selfossi var stigahæst kvenna með 33 stig og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Selfossi vann stigabikarinn í karlaflokki með 24 stig. Lið Umf. Selfoss hafði mikla yfirburði í stigakeppni þátttökuliða og hlaut 397 stig, Hekla varð í öðru sæti með 32 stig og Garpur í því þriðja með 22 stig.

Eitt HSK-met var sett á héraðsmótinu í yngri aldursflokkum, en Ívar Ylur Birgisson úr Dímon hljóp á 15,98 sek í 110 metra grindahlaupi á 106,7 cm grindur í flokki 16-17 ára. Gamla metið átti Tungnamaður-

inn Róbert Einar Jenson, sem var 16,2 sek, sett 1992.

Ólafur Guðmundsson Selfossi var á meðal þátttakenda og hann setti samtals 12 HSK met í flokki 55-59 ára í kúlu, kringlu, spjóti og sleggju. Hann bætti kúluvarpsmet Einars H. Haraldssonar, kringlukastmet Sveins J. Sveinssonar, sleggjukastmet Kjartans Lárussonar og spjótastmet Tómasar Jónssonar. Þá setti Árný Heiðarsdóttir Selfossi þrjú HSK-met í flokki 65-69 ára í kúlu og kringlu. Metið í kúlunni átti Helga Ívarsdóttir.

Heildarúrslit mótsins eru á www.fri.is.



100 metra hlaup kvenna



Ólafur Guðmundsson að bæta HSK metið í spjóti í sínum aldursflokki



100 metra hlaup karla



Sigurlið Umf. Selfoss í mótslok með stigabikarinn.



Þrjár sveitir frá Selfossi á palli í 4x100 metra boðhlaupi kvenna



Sveit Heklu og tvær sveitir frá Selfossi á palli í 4x100 metra boðhlaupi karla



Stigahæstu keppendur mótsins þau Anna Metta og Hjálmar Vilhelm.

Rangárþing ytra mun bera fjárhagslegt tjón af Búrfellslundi í núverandi lagaumgjörð

Haraldur Þór Jónsson

oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



Fréttatilkynning v/útgáfu Orkustofnunar á virkjanaleyfi fyrir Búrfellslund.

Síðasta mánudag gaf Orkustofnun út virkjanaleyfi fyrir Búrfellslundi. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps var eini aðilinn sem lagði formlega fram athugasemdir við fyrirhugað virkjanaleyfi en Orkustofnun tók ekki tillit til þeirra athugasemda.

Forsenda fyrir staðsetningu Búrfellslundar eru innviðir raforkukerfisins sem eru staðsettir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í umhverfismati Búrfellslundar kemur skýrt fram að framkvæmdasvæði og áhrifasvæði Búrfellslundar sé í báðum sveitarfélögum. Þrátt fyrir það hefur ekki verið sótt um að setja Búrfellslund í skipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Óumdeilt er að áhrifasvæði Búrfellslundar er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, á hálendi Íslands við hliðina á Þjóðlendunni í Þjórsárdal þar sem mikil uppbygging í ferðaþjónustu á sér stað.

Stjórnvöld hafa ekki klárað stefnumörkun um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi. Einnig hafa stjórnvöld ekki klárað lagaumgjörð utan um komandi uppbyggingu vindorkuvera. Því til viðbótar hafa stjórnvöld ekki lagt fram breytingar á skattaumgjörð orkuvinnslu eins og ítrekað hefur verið boðað af forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að veiti hún framkvæmdaleyfi fyrir Búrfellslundi, þá verður sveitarfélagið fyrir beinu fjárhagslegu tjóni þar sem tekjur af fasteignagjöldum Búrfellslundar orsaka skerðingu frá framlögum jöfnunarsjóðs sem nemur hærri upphæð. Ástæðan fyrir því er að um 95% af orkumannvirkjum eru undanþegin lögboðnum tekjustofni sveitarfélaga til greiðslu fasteignagjalda og gerir það að verkum að sveitarfélögin tapa á orkumannvirkjum.

Yrðu tekjur Rangárþings ytra af fasteignagjöldum Búrfellslundar 50 milljónir á ári, verða árlegar skerðingar jöfnunarsjóðs til Rangárþings ytra um 53,5 milljónir miðað við

árið 2023 og árlegt fjárhagslegt tap Rangárþings ytra yrði 3,5 milljónir. Það þýðir 87,5 milljóna tap Rangárþings ytra á 25 ára líftíma Búrfellslundar.

Yrðu tekjur Rangárþings ytra af fasteignagjöldum Búrfellslundar 100 milljónir á ári, verða árlegar skerðingar jöfnunarsjóðs til Rangárþings ytra um 107 milljónir miðað við árið 2023 og árlegt fjárhagslegt tap Rangárþings ytra yrði 7 milljónir. Það þýðir 175 milljóna tap Rangárþings ytra á 25 ára líftíma Búrfellslundar.

Stutt er í að Orkustofnun veiti virkjanaleyfi fyrir Hvammsvirkjun. Sama gerist með þá framkvæmd hjá Rangárþingi ytra. Auknar tekjur af fasteignagjöldum Hvammsvirkjunar til Rangárþings ytra munu auka skerðingar frá Jöfnunarsjóði og tap Rangárþings Ytra eykst enn frekar.

Sveitarfélögin á áhrifasvæði Búrfellslundar, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Rangárþing Ytra og Ásahreppur munu sitja uppi með öll neikvæðu umhverfisáhrifin af Búrfellslundi. Nærsmfélagið í sveitarfélögunum situr uppi með fjárhagslega tapið. Á rekstartíma Búrfellslundar verða erlendir sérfræðingar sem munu reka Búrfellslund og mun hann því ekki skila neinum staðbundnum störfum í nærumhverfinu og þar af leiðandi engum útsvarstekjum í nærumhverfinu.

Öll orkan sem Búrfellslundur framleiðir verður flutt út af svæðinu og því mun ávinningurinn aðeins skila sér til þeirra sem nota orkuna.

Það eru fjölmargir ónýttir mikilvægir orkukostir á Þjórsár- og Tungnaásvæðinu. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun, Kjalölduveita, Skrokkölduveita og Hrótmúlavirkjun. Núverandi lagaumgjörð sem sveitarfélögunum er boðið upp á gengur ekki upp lengur. Uppbygging á vindorkuverum þarf að vinna í samstarfi við sveitarfélögin á áhrifasvæði vindorkuveranna en ekki einungis þar sem vindmyllurnar fara ofan í jörðu. Forsenda frekari orkuvinnslu er að klára stefnumörkun í samvinnu við sveitarfélögin og setja í lög nýja skattalega umgjörð sem tryggir nærumhverfinu efnahagslegan ávinning sva þau geti byggt um samfélög sem geti vaxið til framtíðar á forsendum verðmætasköpunar og lífsgeða.

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Útsölumarkaður Rauða krossins

Dagana 26.- 30. ágúst mun vera útsölumarkaður í Rauða krossinum að Eyravegi 23 á Selfossi.

Opnunartímar eru eftirfarandi: Mán kl. 12-15, þri-fim kl. 12-17 og fös 12-15

Mikið til af fallegum fötum sem hægt er að gera góð kaup á. Verið velkomin.

Rauði krossinn í Árnessýslu



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Bjarni Benediktsson forsætisráðherra og Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, undirrita samninginn í dag.

Samningur um lands- og vindorkuréttindi vegna Búrfellslundar undirritaður

Miðvikudaginn 14. ágúst var undirritaður samningur milli íslenska ríkisins og Landsvirkjunar um lands- og vindorkuréttindi vegna Búrfellslundar, vindorkugarðs við Vaðöldu. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra og Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, undirrituðu samninginn og sagði forsætisráðherra fagnaðarefni að vindorkan verði þriðja stoðin í orkukerfi landsins.

Með samningnum veitir íslenska ríkið Landsvirkjun heimild til að reisa og reka vindorkuver á skilgreindu svæði sunnan Sultartangastíflu innan þjóðlendu. Landsvirkjun fær í því skyni tímabundinn afnotarétt að lands- og vindorkuréttindum á svæðinu en samningurinn gildir í 35 ár frá því að vindorkuverið hefur rekstur með mögulegri framlengingu einu sinni um 15 ár.

Samningurinn er gerður á grundvelli nýlegra breytinga á reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna, sem byggja á breytingum á þjóðlendulögum sem samþykkt voru á Alþingi í vor. Með breytingunum er forsætisráðherra veitt heimild til að víkja frá auglýsingaskyldu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna til aðila sem þegar hefur afnota-

rétt eða annars konar réttindi á sama nýtingarsvæði, enda þjóni slík ráðstöfun markmiðum um sjálfbærni, þjóðhagslega hagkvæmni, orkuöryggi og sé í nánun og eðlislægum tengslum við nýtingu sem fyrir er.

Íslenska ríkið og Landsvirkjun munu nú hefja viðræður til að ná fram samkomulagi um fjárhæð endurgjalds vegna vindorkuréttinda en þar skal m.a. taka mið af fyrirliggjandi forðæmum dómstóla, gerðardóma og matsnefnda um sambærileg orkunýtingarréttindi í íslenskum rétti. Einnig verður horft til ákvæða um endurgjald slíkra réttinda í öðrum samningum milli ríkisins og Landsvirkjunar.

Endurgjald fyrir landsréttindi og vegna efnisnáms skal miða við markaðsverð vegna sambærilegra réttinda.

Hafi aðilar ekki náð samkomulagi um fjárhæð endurgjalds fyrir lands- og vindorkuréttindi innan 90 daga frá útgáfu virkjunarleyfis er, samkvæmt samningnum, heimilt að vísa ákvörðun um endurgjald til sérstaks gerðadóms.

Búrfellslundur var færður í nýtingarflokk rammaáætlunar í júní 2022 en Landsvirkjun hóf undirbúning verkefnisins árið 2010. Gert er ráð fyrir að allt að 30 vindmyllur verði reistar í

vindorkugarðinum og að uppsett afl verði um 120 MW.

Virkjunarleyfi vegna vindorkuversins var gefið út af Orkustofnun 12. ágúst sl. og fyrir í sumar samdi Landsvirkjun við Landsnet um flutning um tengingu vindorkuversins inn á raforkuflutningskerfið. Áætlanir gera ráð fyrir að orka frá Búrfellslundi verði farin að skila sér inn á raforkukerfið fyrir árslok 2026.

Forsætisráðuneytið



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskípti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAGA AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800
LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HP

**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is